

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

21. janúar 2026
UOS2501566/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. desember 2025 – ID 109

Þann 9. desember 2025 fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Grundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi þegar þær liggja fyrir.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Samkvæmt þeim gögnum sem Umhverfis- og orkustofnun hefur borist var olía í fráveituvatni síðast mæld árið 2018 en gögn vantar fyrir mælingar 2021 og 2024. Er því um frávik að ræða. Niðurstöður athugunar með strimlaprófi á því hvort olía væri til staðar í fráveituvatni bærust stofnuninni að eftirliti loknu. **Frávik er því lokað.**
2. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn ásamt lögnum honum tengdum. Innan þrjár vikur við Nesveg 10 er geymir sem tekinn var úr notkun fyrir meira en sex mánuðum. Er því um frávik að ræða.

Rekstraraðili hefur gert athugasemd við ofangreint frávik á þeim forsendum að umræddur geymir sé ekki á vegum rekstraraðila og hann geti því ekki brugðist við frávikin. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að geymirinn er staðsettur í lekaþró á vegum rekstraraðila og þangað til sýnt hefur verið fram á annað, lítur stofnunin svo á að geymirinn sé á ábyrgð rekstraraðila, enda hefur komið fram í eftirlitsskýrslum að geymirinn standi ónotaður og að lengi hafi staðið til að fjarlægja hann.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits